



Stjórn SSH 343. fundur

Mánudaginn 2. nóvember 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Ellý Erlingsdóttir, Gunnsteinn Sigurðsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Pálmi Másson og Sigurbjörn Hjaltason.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Málefni Strætó bs..

Farið var yfir stöðu við úrvinnslu á úttekt og tillögum ParX vegna endurskoðunar á stofnsamþykktum og eigendasamkomulagi Strætó bs.

Niðurstaða:

Fyrirliggjandi tillögur ParX vegna stofnsamþykktar og eigendasamkomulags verða kynntar og ræddar á aðalfundi SSH 6. nóvember nk., og óskað eftir umboði fundarins til að vinna málið áfram á grundvelli tillagna ParX.

2. Fjárhagsáætlanir.

a) Endurskoðuð tillaga að fjárhagsáætlun SSH fyrir 2010.

Fyrir lá endurskoðuð tillaga að fjárhagsáætlun fyrir SSH 2010, sbr. umræður og bókun á síðasta stjórnarfund. Tillagan felur í sér lækkun áætlaðs rekrarkostnaðar frá fyrri tillögu, og að framlög sveitarfélaganna til reksturs SSH verði lækkuð um 20% frá yfirstandandi ári.

Samþykkt að leggja til við aðalfund SSH að árgjald sveitarfélaganna til reksturs SSH á næsta ári verði 20 kr. á íbúa m.v. 25. kr. á yfirstandandi ári.



b) Fjárhagsáætlun v. reksturs skíðasvæðanna 2010.

Fyrir lá fundargerð stjórnar skíðasvæðanna frá 28. október sl., ásamt drögum að rekstraráætlun skíðasvæðanna á næsta ári. Í þeim er gert ráð fyrir að rekstrarframlög sveitarfélaganna 2010 lækki um 5,6% frá áætl. útkomu þessa árs, tilsvarendi lækkun á framkvæmdaframlagi er áætlað um 12%.

Stjórn SSH fagnar fram kominni tillögu enda fellur hún að þeim markmiðum sem sveitarfélögin þurfa að vinna eftir til að ná viðunandi árangri við gerð fjárhagsáætlana næsta árs.

a) Fjárhagsáætlanir Sorpu bs. og Strætó bs fyrir 2010.

Fyrir lágu drög að fjárhagsáætlunum ofangreindra byggðasamlaga. Stjórn SSH áréttar fyrri ályktun og sjónarmið um að áætlanir byggðasamlaganna eins og annarra rekstareininga sveitarfélaganna verði að mótast af og taka mið af brýnni þörf sveitarfélaganna til 5 – 10% kostnaðarlækkunar frá áætlaðri niðurstöðu þessa árs. Fyrirliggjandi drög að fjárhagsáætlunum byggðasamlaganna fela í sér tiltekinn árangur í átt að þessu viðmiði. Stjórnin SSH treystir því að stjórnir byggðasamlaganna vinni því áfram að mótun áætlana þannig að endanlegar tillögur verði í samræmi við ofangreint markmið.

b) Tónlistarskólar og greiðslur vegna náms utansveitar.

Rætt um núverandi reglur um kostnaðarþátttöku sveitarfélaganna vegna tónlistarnáms utansveitar og stiklur úr fyrirferð með fræðslustjórum v. málsins.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að vinna frekar úr máli með fræðslustjórum.

c) Akstur fatlaðra og aldraðra.

Framkvæmdastjóra falið að kalla saman til samráðsfundar vegna yfirferðar um þátttöku sveitarfélaganna og fyrirkomulags v. aksturs fatlaðra og aldraðra.

3. Önnur mál.

a) Tillaga að ályktun á aðalfundi SSH 6. nóvember f. fjármála sveitarfélaganna.

Fyrir lágu endurbætt drög sb. umræðu á síðasta stjórnarfund. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

b) Skýrsla Verkís – „Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024; þróun byggðar – skipulagstölur“

Framkvæmdastjóri dreifði skýrslunni til stjórnarmanna, meginefni hennar var sérstaklega kynnt stjórn á vinnslustigi skýrslunnar.